



Greiðslukortavelta jókst undir lok árs

Í desember jókst greiðslukortavelta Íslendinga talsvert, eða um 5,7% að raunvirði milli ára. Vöxtur kortaveltu á fjórða ársfjórðungi varð því meiri en á fyrri fjórðungi árs.

Velta innlendra greiðslukorta jókst um 5,7% að raunvirði milli ára í desember. Velta tengd verslun og þjónustu innanlands jókst um 5,1% milli ára miðað við fast verðlag og 8,6% í viðskiptum erlendis miðað við fast gengi.¹ Ekkert lát virðist því hafa verið á verslunargleði landsmanna yfir hátíðirnar, þvert á móti var hún meiri en á fyrra ári.

Aukin netverslun erlendis frá?


Líkt og [í síðasta mánuði](#), vekur athygli að kortavelta erlendis jókst á sama tíma og utanlandsferðum fækkaði. Utanlandsferðir Íslendinga voru 12% færri í desember samanborið við desembermánuð árið áður, en þrátt fyrir það jókst kortavelta umtalsvert miðað við fast gengi. Aukningin hefur raunar ekki verið meiri síðan í apríl á þessu ári þegar veltan jókst um 9% milli ára. Í þeim mánuði voru utanlandsferðir landsmanna býsna margar sökum páskaleyfis. Líkleg skýring á aukningunni nú gæti verið aukin verslun landsmanna í gegnum erlendar netverslanir fyrir jólin.

Kraftmeiri vöxtur kortaveltu á fjórða ársfjórðungi

Kortavelta jókst alls að raunvirði um 3,3% milli ára á fjórða ársfjórðungi. Það er talsvert meiri vöxtur en á fyrri fjórðungi ársins þegar vöxtur mældist á bilinu 0,3-1,6% milli ára. Kortavelta í verslunum innanlands jókst um 3,6% og erlendis um 2,1%. Vöxtur hefur ekki verið meiri í verslunum innanlands síðan á þriðja ársfjórðungi 2018.


Aukin kortavelta á fjórða ársfjórðungi er ef til vill vísbending um kraftmeiri vöxt einkaneyslu á síðari hluta árs. Líkt og við greindum frá [í síðasta mánuði](#) jókst einkaneysla nokkuð meira á þriðja ársfjórðungi en á öðrum, og eru gögn um kortaveltu á þeim fjórða vísbending um að einkaneysla gæti hafa aukist enn frekar.

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis eftir ársfj.



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis.
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans


¹Innanlands er litið til greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu (önnur viðskipti en í banka) en erlendis er litið til allrar kortanotkunar.



Lítill vöxtur yfir árið, drifinn áfram af kortaveltu innanlands

Þó svo að kortavelta hafi aukist talsvert á síðustu mánuðum árs, er vöxturinn yfir árið í heild nokkuð lítill í sögulegu samhengi, eða um 1,6%, sem er minnsti vöxtur síðan 2013. Kortavelta í verslunum innanlands jókst um 1,8% og erlendis um 0,9%. Breyting hefur þó orðið á samsetningu vaxtarins að því leyti að hann er í auknum mæli drifinn af aukinni kortaveltu innanlands.

Árleg greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.